

Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529, Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefndur leigusali og Idea ehf. kt. 601299-2249, Vesturvör 36, 200 Kópavogi, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan

LEIGUSAMNING

um lóðina nr. 11B við Víkurgötu í Straumsvík, landnúmer 226415. Leigusali leigir leigutaka lóðina Víkurgötu 11B fyrir verkstæði, lager og starfsmannaðstöðu. Heildarstærð lóðarinnar sem greitt er leigugjald af er 641,8 m2. Meðfylgjandi mæliblað er hluti samnings þessa.

1. gr.

Lóðin er leigð frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2027. Framleiga leiguréttarins er óheimil. Leigutaki hefur forgangsleigurétt að lóðinni að loknum leigutíma. Uppsagnaréttur leigutaka á lóðinni er 6 mánuðir.

2. gr.

Mánaðarleiga af lóðinni er kr. 54.553 og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar 1. dag hvers árs, miðað við vísítöluna í desember 2017, 136,1 stig. Leiguna skal greiða til Hafnarfjarðarhafnar samkvæmt útgefnum reikningum á 3ja mánaða fresti. Ekki er greiddur virðisaukaskattur af leigunni. Leigutaki greiðir önnur gjöld af lóðinni frá afhendingu hennar.

3. gr.

Leigusamingurinn heimilar afnotarétt af lóðinni á leigutímanum og að hafa þar verkstæði, lager og starfsmannaðstöðu. Leigutaki sér um á sinn kostnað tengingar á heitu- og köldu vatni, frárennsli og rafmagni vegna starfsemi sinnar á lóðinni. Leigutaki skal fara í einu og öllu eftir fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa, heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnunar um meðhöndlun hvers konar frá- og afrennslis frá lóðinni. Öryggismál innan lóðar eru á ábyrgð leigutaka.

4. gr.

Leigutaki hefur hvorki rétt til að veðsetja lóðina né lóðaréttindi sem henni fylgja.

5. gr.

Leigutaki skal greiða kostnað við þinglýsingu á leigusamningi þessu sem og stimpilgjald.

6. gr.

Til staðfestu á öllu framangreindu undirrita báðir aðilar samning þennan í votta viðvist. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Hafnarfirði 15. janúar 2018

Fyrir hönd Hafnarfjarðarhafnar


Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri
KT: 590169-5529

Fyrir hönd Idea ehf.


Kári Pálsson

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:


Nafn

Nafn

110362-5879

Kt:

Kt: